

## Tillaga til rektors HÍ frá framkvæmdanefnd um uppbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs á Hringbrautarreit.

Undirbúningur að útboði á hönnun á nýbyggingu og endurbótum á öðru húsnæði HVS á Hringbrautarreit stendur nú yfir af fullum krafti á vegum NLSH fyrir hönd HÍ.

Í sumar fór fram forval fyrir lokað útboð á fullnaðarhönnun húsnæðis HVS og sendu fjórir ráðgjafahópar inn umsókn um þátttöku í útboðinu. Allir þessir aðilar voru metnir hæfir og hafa tryggt sér þátttökurétt í lokuðu útboði. Undanfarið hafa NLSH og HÍ unnið sameiginlega að gerð útboðsgagna sem innihalda m.a. þarfagreiningu, rýmislýsingar og aðrar forsendur hönnunar. Þátttakendur í útboðinu skila annars vegar inn tillögu að hönnun húsnæðis HVS og hins vegar verðtilboði. Tillögur sem berast verða metnar eftir fyrirfram skilgreindum áherslum matsnefndar og þær niðurstöður verða birtar öllum þátttakendum áður en verðtilboð verða opnuð. Hagstæðast telst það tilboð sem fær flest heildarstig, en heildarstig samstanda af stigum fyrir tillögu annars vegar og stigum fyrir verðtilboð hins vegar. Allar forsendur fyrir hönnun húsnæðis HVS þurfa því að liggja fyrir þá þegar í útboðsgögnum.

Í tengslum við gerð útboðsgagna þarf m.a. að taka afstöðu til

- (1) Hvort hanna skuli skrifstofurými út frá hugsun um opin rými eða einkaskrifstofum,
- (2) hvaða stigi skuli stefnt að í tengslum við BREEAM umhverfissvottun.

Framkvæmdanefnd hefur fjallað um þessi atriði á fundum sínum og á fundi 17.09.2021 var eftirfarandi samþykkt:

1. Hönnun húsnæðis HVS á LSH svæðinu taki mið af tilmælum stjórnvalda um opin rými, sbr. <https://www.fsr.is/media/frettir/Vidmid-um-vinnuumhverfi-2020.pdf> og <https://www.rikiseignir.is/um-okkur/frettir-og-auglysingar/nutimalegt-vinnuumhverfi-aherslur-og-vidmid>
2. Stefnt skuli að „Very good“ í BREEAM vottun.

Rökin fyrir þessari niðurstöðu nefndarinnar eru einkum þessi:

1. Hönnun húsnæðis út frá hugsun um opin rými eru orðin tilmæli frá stjórnvöldum. Þá er ljóst að mun betri nýting á húsnæði og sveigjanleiki næst sem er ákaflega mikilvægt því framtíðin í kennsluháttum og almennt hvernig starfi fólks verður háttað er um margt óviss. Þá skiptir máli að í uppbyggingu Landspítalans er miðað við hönnun út frá opnum rýmum. Lögð verður áhersla á að hönnun miði við starfsskyldur akademískra starfsmanna.
2. Það er tillaga NLSH að stefnt skuli að „Very good“ stigi í BREEAM vottun. Umhverfissjónarmið verða í hávegum höfð og stefnt eins hátt og hægt er á BREEAM. Sjúkrahótelið á spítalavæðinu er eina verkefnið á Íslandi sem hlotið hefur „Excellent“ og ákvörðun var tekin um að hið sama gildi fyrir meðferðarkjarnann. Framvegis verða hins vegar byggingar á Landspítalavæðinu miðaðar við „Very good“. Á síðustu 10 árum hafa 18 verkefni farið af stað á Íslandi í BREEAM og luku forstigi. Þar af eru aðeins 7 sem fóru alla leið (Final).

Óskað er eftir viðbrögðum rektors og háskólaráðs við ofangreindu.

20.09.2021

Fyrir hönd framkvæmdanefndar,  
Guðmundur R. Jónsson,  
Hákon Hrafn Sigurðsson